

Fundinn sátu: Klaudia Sylwia Gunnarsdóttir ritari, Heiða María Elfarsdóttir formaður, Kristín Rós Jóhannesdóttir gjaldkeri og Elisabet Lára Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Rætt var um jólaföndur og hvað ætti að föndra. Farið yfir síðustu ár og hugmyndir.

Foreldrar mega ef ekkert breytist í sóttvarnaraðgerðum koma inn í hús í ár og taka þátt í föndrinu en það verður þá líklega bara annað foreldrið.

Ákveðið var að kaupa jólakúlur, glærar eða silfraðar og leyfa börnum að skreyta. Gjöf sem geymist alltaf!

Gaman væri að kaupa málningu líka sem helst betur á plast kúlunum. Einnig nýta ýmsan efnivið sem til er s.s. köngla og litríkan pappír.

Talað var um jólagjafir og ánægju þess að hafa fengið og gefið bækur síðustu ár og var því ákveðið að halda því áfram. Mun Heiða María óska eftir tilboðum næstu daga og verður valið út frá því.